

# Þjóðaratkvæðagreiðslur á Íslandi á 20. öldinni

Á fyrri hluta 20. aldarinnar var fimm sinnum efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu á Íslandi vegna fyrirmæla í stjórnarskránni eða vegna þess að Alþingi ákvað að kanna afstöðu þjóðarinnar til einstakra málefna með ráðgefandi niðurstöðu.

Árið 1908 fór fram ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um innflutningsbann á áfengi. Var áfengisbannið samþykkt með 60% greiddra atkvæða. Kosningabátttaka var 71,5%.

Árið 1916 fór fram ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort lögbjóða skyldi þegnskylduvinnu karlmanna á aldrinum 17–25 ára. Tillagan var felld með miklum meiri hluta. 80,2% voru andvíg en 7,2% samþykk. Kosningabátttaka var 49%.

Árið 1918 fór fram bindandi þjóðaratkvæðagreiðsla um breytingu á sambandinu milli Íslands og Danmerkur. Þá samþykktu 90,9% þeirra sem greiddu atkvæði dansk-íslensku sambandslögin en 7,3% voru þeim andvíg. Kosningabátttaka var 43,8%.

Árið 1933 fór fram ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um afnám áfengisbanns. Var tillaga um að afnema bannið samþykkt með 57,7% atkvæða, en 42,3% greiddu atkvæði á móti. Kosningabátttaka var 45,3%.

Alþingi samþykkti árið 1944 ályktun um að fella niður dansk-íslenska sambandslagasamninginn frá 1918 og var málið lagt í þjóðaratkvæði sama ár. Samhliða sambandsslitum var kosið um nýja lýðveldisstjórnarskrá. Voru bæði sambandsslitin og hin nýja stjórnarskrá samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða og voru niðurstöðurnar bindandi. 97,4% samþykktu sambandsslit en 0,5% voru á móti. 95% samþykktu stjórnarskrána en 1,4% voru á móti. Kosningabátttaka var 98,6%.



Innflutningur áfengis var bannaður 1908 í kjölfar ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu.



Sambandi Íslands og Danmerkur var breytt og slitið með þjóðaratkvæðagreiðslum 1918 og 1944.



Tillaga um þegnskylduvinnu karlmanna var felld í þjóðaratkvæðagreiðslu 1916.